



Fundagerð 223.fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudaginn 20. september 2017 kl. 16.00 kom stjórn Hafnasamlags Norðurlands bs saman til fundar í hafnarhúsinu við Fiskitanga.

Fundinn sátu: Jóhannes Gunnar Bjarnason formaður, Silja Dögg Baldursdóttir varaformaður, Guðný Sverrisdóttir ritari, Kristín Björk Gunnarsdóttir, Ólína Freysteinsdóttir og Axel Grettisson. Áheyrnarfulltrúi Halldór Jóhannesson mætti á fundinn.

Að auki sat fundinn: Pétur Ólafsson hafnarstjóri.

Fundagerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

1. Fundagerð síðasta fundar.

Lögð fram til staðfestingar fundagerð 222. fundar frá 15. ágúst s.l. *Fundagerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.*

2. Nýr dráttarbátur.

Lagðar fram hugmyndir af þremur nöfnum á nýjan dráttarbát HN. Stjórn HN samþykkir að nýr dráttarbátur samlagsins muni bera nafnið Seifur. Stjórn og starfsmenn HN kusu í leynilegri kosningu milli þriggja nafna og fékk nafnið Seifur flest atkvæði. Silja Dögg Baldursdóttir kom með eftirfarandi bókun studda af Ólínu Freysteinsdóttur.

„Ég minni á mikilvægi þess að tekið sé tillit til kynjarsjónarmiða við alla ákvarðanatöku hjá Hafnarsamlaginu í samræmi við jafnréttislög og Jafnréttisstefnu Akureyrarbæjar. Ég lýsi því yfir vonbrigðum með að nýr bátur Hafnarsamlagsins skuli ekki hljóta kvenkyns nafn þar sem önnur nöfn báta eru karlkyns. Hafnarsamlagið hefði mátt hafa það að leiðarljósi að nefna nýjan bát í samræmi við það.“

3. Framkvæmdaáætlun 2018 – síðari umræða.

Hafnarstjóri lagði fram drög að framkvæmdaáætlun fyrir árið 2018. Helstu verkefni eru lokagreiðsla á dráttarbát, flotbryggja í Sandgerðisbót, kaup á stálpili fyrir endurbyggingu á Torfunefsbyggju, lengingu á Tangabryggju, stækkun á hafnarhúsinu og vegna umhverfisátaks. Hlutur HN í verkunum er áætlaður 307,2 mkr. Stjórn HN samþykkir framlagða tillögu.

4. Fjárhagsáætlun HN fyrir árið 2018

Hafnarstjóri lagði fram og kynnti drög að fjárhagsáætlun HN fyrir árið 2018. Fyrri umræðu lokið og henni vísað til seinni umræðu.

5. Erindi frá Hafnasambandi Íslands.

Tekið var aftur upp málefni frá síðasta fundi sem Hafnasamband Íslands sendi á aðildahafnir sambandsins frá Náttúruverndarsamtökum Íslands. Það er mat stjórnar



Hafnasamlags Norðurlands að þarft sé að umhverfisyfirvöld geri ítarlega könnun á því hversu mörg skemmtiferðaskip nota svartolíu við siglingar til og frá Íslandi. Einnig að loftgæði í höfnum verði rannsökuð á faglegan viðurkenndan hátt. Ljóst er að samkvæmt reglugerð nr. 124 frá 5. janúar 2015, er öllum skipum óheimilt að nota skipaeldsneyti með meira en 0,1% (m/m) brennisteinsinnihald þegar þau liggja við bryggjur á Íslandi. Jafnframt segir í reglugerðinni að 1. Janúar 2020 megi engin skip nota eldsneyti með meira brennisteinsinnihald en 0,5% (m/m) á öllum hafsvæðum. Umhverfiráðherra hefur kynnt þau áform ríkisstjórnarinnar að innleiða viðauka 6 við MARPOL samninginn á næstu vikum. Því er ljóst að þetta mál er í jákvæðum farvegi innan stjórnarsýslunnar. Afar mikilvægt er að mati stjórnar HN að stjórnvöld stórefli flutning og dreifingu raforku til Eyjafjarðar þannig að unnt verði að tengja stærri skip við rafmagn sem allra fyrst.

6. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundi var slitið kl. 18:00

Jóhannes Gunnar Bjarnason formaður

Silja Dögg Baldursdóttir varaformaður

Guðný Sverrisdóttir ritari

Axel Grettisson

Kristín Björk Gunnarsdóttir

Ólína Freysteinsdóttir

Pétur Ólafsson hafnarstjóri
